

Samanburður milli áhersluatriða Landssambands eldri borgara og stefnumála stjórnmálaflokkanna 2021

Almennt frítekjumark vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum verði 100.000 kr.

B - Framsóknarflokkurinn:	Framsókn leggur áherslu á að almenna frítekjumarkið hækki í skrefum og að lífeyrisskerðingar vegna atvinnutekna verði afnumdar.
C - Viðreisn:	Lífeyrskerfi almannatrygginga skal einfaldað og skerðingum hætt.
D - Sjálfstæðisflokkurinn:	Hækka þarf frítekjumörk vegna atvinnutekna, fjármagnstekna og greiðslna úr lífeyrissjóðum
F - Flokkur fólksins:	Við ætlum að hækka frítekjumark ellilífeyris vegna lífeyristekna frá 25.000 kr. upp í 100.000 kr.
J - Sózialistaflokkur Íslands:	Allar skerðingar á ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, hvort sem er vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, vegna atvinnutekna, eða annars, verði afnumdar strax, og að allir landsmenn sem náð hafa 67 ára að aldri fái óskertan ellilífeyri. Þau fáu tilfelli auðmanna sem þurfa í raun ekki á ellilífeyri að halda munu endurgreiða hann í gegnum hátekjuskatt.
M - Miðflokkurinn:	Frítekjumark greiðslna úr lífeyrissjóði verður 125.000 kr. á mánuði.
O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:	Lífeyrislaun eldra fólks má aldrei skerða vegna tekna úr lífeyrissjóði.
P - Píratar:	Lífeyrissjóðsgreiðslur og atvinnutekjur skerði ekki lögbundinn ellilífeyri.
S - Samfylkingin:	Hækkun frítekjumarks vegna lífeyrissjóðstekna í 100.000 kr. á kjörtímabilinu. Það komi í áföngum þannig að strax í haust verði frítekjumark eldra fólks vegna lífeyrissjóðsgreiðslna hækkað í 50 þúsund.
V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:	Vilja halda áfram að draga úr skerðingum, og hækka frítekjumörk í áföngum.

**Eftirlaunafólk fái að vinna eins og því sýnist án skerðinga í almannatryggingakerfinu og njóti afraksturs vinnu sinnar eins og aðrir.
Starfslok miðist við færni en ekki aldur.**

Aldurstengdar viðmiðanir sem fara í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar ætti að fella úr allri lagasetningu en leggja þess í stað áherslu á þekkingu, reynslu, hæfni og menntun fólks óháð aldri.

- B - Framsóknarflokkurinn:** Framsókn vill afnema reglur um að fólk fari á eftirlaun eða hætti störfum við ákveðinn aldur.
- C - Viðreisn:** Viðreisn leggur áherslu á að starfslok miðist við færni fremur en aldur.
- D - Sjálfstæðisflokkurinn:** Við ætlum fyrst að hækka frítekjumark atvinnutekna í 200 þúsund krónur á mánuði frá og með 1. janúar 2022. Markmiðið er að styrkja stöðu þeirra sem eru með takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum og hverfa frá skerðingum. Þetta verði gert með sérstakri lífeyrisuppbót sem tekur mið af réttindum hvers og eins í lífeyrissjóði. Aðrar skattskyldar tekjur eldri borgara – s.s. atvinnutekjur, séreignasparnaður, fjármagnstekjur – skerða ekki lífeyrisuppbót.
- F - Flokkur fólksins:** Við munum leggja niður skerðingar á ellilífeyri vegna atvinnutekna. Starfslok eiga að miðast við færni en ekki við aldur. Allir eiga að fá að vinna hafi þeir getu til og vilja.
- J - Sósíalistaflokkur Íslands:** Allar skerðingar á ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, hvort sem er vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, vegna atvinnutekna, eða annars, verði afnumdar strax, og að allir landsmenn sem náð hafa 67 ára að aldri fái óskertan ellilífeyri.
- M - Miðflokkurinn:** Núverandi hindranir á atvinnu eldra fólks verða afnumdar. Frítekjumark atvinnutekna verður hækkað í 500.000 kr. á mánuði.
- O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:** -
- P - Píratar:** Við Píratar viljum standa vörð um rétt eldra fólks til að hætta að vinna við 67 ára aldur. Á sama tíma viljum við tryggja valfrelsi til að vinna lengur og fresta töku ellilífeyris án þess að hann skerðist. Starfslok eiga að vera á forsendum fólks og færni, ekki aldurs.
- S - Samfylkingin:** Hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna í 300.000 kr. á kjörtímabilinu, en hækka í 200.000 kr. strax í haust.
- V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:** Gerum úrbætur á almannatrygginga- og lífeyriskerfinu til að auðvelda sveigjanleg starfslok og gerum fólki kleift að vinna lengur. Færni til starfa en ekki aldur ráði því hvort fólk heldur áfram á vinnumarkaði.

Lágmarkslífeyrir verði aldrei lægri en en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði.

- B - Framsóknarflokkurinn:** -
- C - Viðreisn:** Enginn lífeyrisþegi almannatrygginga fái lægri heildartekjur en sem nemur lágmarkslaunum.
- D - Sjálfstæðisflokkurinn:** -
- F - Flokkur fólksins:** Lágmarksframfærsla verði 350.000 kr. skatta- og skerðingalaust!
- J - Sósíalistaflokkur Íslands:** Upphæð ellilífeyris muni ávallt fylgja meðal lágmarkslaunum í landinu í kjarasamningum á almennum og opinberum vinnumarkaði, sem eru í dag um 351.000 á mánuði, og það verði lögfest.
- M - Miðflokkurinn:** Miðflokkurinn hefur frá upphafi haft það að markmiði að lágmarkslífeyrir fylgi lágmarkslaunum. Það á að vera skilyrðislaus forgangsröðun hjá ríkinu að þeim sem hafa lokið starfsævinni séu tryggðar tekjur sem hægt er að lifa á.
- O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:** Lífeyrissjóður er okkar eign sem við höfum öll unnið fyrir og má á engan hátt skerða með tekjutengingum vegna launa úr almannatryggingakerfinu. Við lítum svo á að það sé þjófnaður á sparnaði fólks sem hafði ekki val um hvort það greiddi í þann sparnað eður ei. Eign í lífeyrissjóði var alltaf hugsuð sem viðbót við þau grunnlaun sem fólk ávann sér með sköttum í almenna kerfinu.
- P - Píratar:** Útrýmum fátækt eldra fólks sem reiðir sig einvörðungu á lögbundinn ellilífeyri. Það verður einungis tryggt með því að lögbundinn ellilífeyrir og frítekjumark fylgi almennri launapróun, þó þannig að breytingar á ellilífeyri verði aldrei lakari en breytingar á lágmarkslaunum.
- S - Samfylkingin:** Ellilífeyrir verði sá sami og lágmarkslaun í landinu, sem er 351.000 kr. núna. En núverandi ellilífeyrir er 266.033 kr. Þar hefur þegar orðið 85.000 kr. kjaragliðnun.
- V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:** -

Ellilífeyrir og frítekjumörk hækki árlega skv. launavísitölu Hagstofu Íslands.

B - Framsóknarflokkurinn:	-
C - Viðreisn:	-
D - Sjálfstæðisflokkurinn:	-
F - Flokkur fólksins:	-
J - Sósíalistaflokkur Íslands:	-
M - Miðflokkurinn:	Lífeyrir og aðrar hliðstæðar bætur frá Tryggingastofnun verða miðaðar við umsamin lágmarkslaun og hækka í takti við launavísitölu.
O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:	-
P - Píratar:	Ellilífeyrir og frítekjumörk hækki árlega skv. launavísitölu Hagstofu Íslands. Píratar vilja að lífeyrissjóðsgreiðslur og atvinnutekjur skerði ekki lögbundinn ellilífeyri og að lögbundinn ellilífeyrir og frítekjumark fylgi almennri launaþróun (launavísitala).
S - Samfylkingin:	-
V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:	Lífeyrir hækki eins og gerist í kjarasamningum, fylgi launavísitölu.

Heilsugæslan verði vagga öldrunarþjónustunnar.

Til að eftirlaunafólk geti lifað heima hjá sér mannsæmandi lífi með reisu, þurfa ríki og sveitarfélög stóruki samvinnu sína með það að markmiði að heilsugæslan verði vagga öldrunarþjónustunnar. Öll fjárframlög taki mið af þessu.

Heilsugæslan nálgist eldra fólk fyrir á lífsleiðinni með samhæfðri teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga og félagsþjónustu sveitarfélaga og haldi því sambandi. Velferðartækni ætti að vera mikilvægur þáttur í öryggi í heimahúsum eldra fólks. Þáttur aðstandenda verði metinn til launa með umönnunarálagi. Stofnun öldrunargeðdeildar fyrir fólk með sértækar þarfir er forgangsmál.

B - Framsóknarflokkurinn:	Framsókn vill leggja áherslu á aukna og samhæfða heimaþjónustu, sveigjanleg dagþjálfunarúrræði, aukna tæknivæðingu og markvissan stuðning við aðstandendur eldra fólks. Stórefla þarf samstarf milli félags- og heilbrigðisþjónustunnar m.a. svo þjónustan sé persónumiðuð og sé að mestu veitt á heimilum fólks. Nútímavæða þarf þjónustuna og aðgengi að henni með aukinni notkun á velferðartækni, rafrænni þjónustu, fjarþjónustu og upplýsingagátum.
C - Viðreisn:	Samhæfa þarf stuðning ríkis og sveitarfélaga.
D - Sjálfstæðisflokkurinn:	Markmiðið er að auka skilvirkni og bæta heildarþjónustu við eldri borgara, samþætta betur heimahjúkrun, félags- og tómstundarþjónustu og sálsgæslu og styrkja heilsueflingu. Miða skal þjónustu og úrræði við þarfir hvers og eins. Byggja verður upp öflugna dagþjónustu, fjölga þjónustuíbúðum og hjúkrunarrýmum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, en um leið auka sjálfstæði eldri borgara hvað varðar

F - Flokkur fólksins:	- val á milli þess að búa sem lengst á eigin heimili eða dvelja á hjúkrunarheimili.
J - Sózialistaflokkur Íslands:	-
M - Miðflokkurinn:	Tryggja ber öllum jafnt aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og er heilsugæslan þar nærtækt úrræði en Miðflokkurinn leggur áherslu á að horfið verði frá samþjöppunarstefnu í heilbrigðismálum og þjónustan færð nær almenningi um allt land.
O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:	-
P - Píratar:	Píratar vilja koma á gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu. Þeir vilja auka félagslegan stuðning við eldra fólk með aðgerðum til að draga úr einangrun og auka virkni. Einnig vilja þeir styrkja fjölbreytt félagsstarf þvert á kynslóðir og efla stuðning til sjálfshjálpar. Allt verði þetta gert í samráði og samstarfi við eldra fólk, enda er aðkoma fólks að eigin málefnum lýðræðisleg, valdeflandi og í anda Pírata. Þannig tryggja Píratar einnig að fjármunir í málaflokknum nýtist sem best, eldra fólki öllu til hagsbóta."
S - Samfylkingin:	-
V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:	Heilsugæslan gegni lykilhlutverki í öldrunarþjónustu og stýri sveigjanlegri heimaþjónustu og dagþjálfun í samræmni við sveitarfélögin.

Millistig milli heimilis og hjúkrunarheimilis.

Ljóst er að búseta á eigin heimili hentar ekki öllum, þó þeir þurfi ekki dvöl á hjúkrunarheimili. Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru hins vegar alltof fábreytt. Það vantar millistig, milli búsetu á eigin heimili og hjúkrunarheimili. Brynt er að byggja upp þannig búsetuform til hagsbóta fyrir eldra fólk og þá ekki síður fyrir velferðarkerfið, sem er á forræði ríkis og sveitarfélaga. Fjármunum Framkvæmdasjóðs aldraðra verði einungis varið til byggingar stofnana fyrir aldraða og til að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu við þá eins og kveðið er á um í lögum.

B - Framsóknarflokkurinn:	Framsókn vill gera stóráttak í uppbyggingu heimahjúkrunar og dagþjálfunarrýma, bæta og fjölga endurhæfingarúrræðum og skapa fjölbreyttari þjónustu sem styður eldra fólk til að búa sem lengst heima hjá sér, eftir því sem það vill og heilsa leyfir. Með því móti getur það haldið sjálfstæði sínu, sjálfræði, reisu og virðingu m.a. með fyrirbyggjandi aðgerðum. Framsókn vill mæta þeim verst stöddu og horfir þá sérstaklega til húsnæðismála. Framsókn vill leggja áherslu á aukna og samhæfða heimaþjónustu, sveigjanleg dagþjálfunarúrræði, aukna tæknivæðingu og markvissan stuðning við aðstandendur eldra fólks. Stórefla þarf samstarf milli félags- og heilbrigðisþjónustunnar m.a. svo þjónustan sé persónumiðuð Nútímavæða þarf þjónustuna og aðgengi að henni með aukinni notkun á velferðatækni, rafrænni þjónustu, fjarþjónustu og upplýsingagáttum. Framsókn leggur áherslu á að upplýsingakerfi verði samræmd og byggð verði upp öflug upplýsingagátt. Með henni verði hægt að innleiða eina gátt umsókna um þjónustu hins opinbera.
----------------------------------	---

Samhæfa þarf fjölbreytt úrræði og sníða að hverju svæði fyrir sig.

C - Viðreisn:

Framboð af hjúkunarheimilum og öðrum úrræðum verður að vera í samræmi við fyrirsjáanlega þörf. Koma þarf á millistigi milli heimilis og hjúkunarheimila og tryggja fjölbreytt búsetuúrræði fyrir eldra fólk.

D - Sjálfstæðisflokkurinn:

Byggja verður upp öfluga dagþjónustu, fjölga þjónustuíbúðum og hjúkrunarrýmum.

F - Flokkur fólksins:

Við munum tryggja öldruðum búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. Við ætlum að afnema vasapeninga-fyrirkomulagið.

J - Sósíalistaflokkur Íslands:

Það verði tryggt að við starfslok þurfi viðkomandi ekki að hafa af því áhyggjur að hafa ekki viðunandi húsnæði. Þetta verði tryggt með öflugri uppbyggingu félagslegs húsnæðis fyrir eldri borgara í byggðakjörnum sem eru með alhliða þjónustu fyrir alla **sem þar búa. Eins verði gert stór átak í byggingu hjúkunarheimila fyrir þá sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.**

M - Miðflokkurinn:

Miðflokkurinn styður uppbyggingu hjúkunarheimila en hvetur til þess að sveigjanleiki kerfisins verði aukinn enda þarfir aldraðra mjög ólíkar. Mest um vert er að við starfslok þurfi aldraðir ekki að hafa af því áhyggjur að hafa ekki viðunandi húsnæðisúrræði. Með auknum sveigjanleika á að vera unnt að vinna með hverjum og einum að persónulegri þjónustu og í takt við það sem hentar í hverju tilvikum fyrir sig.

O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:

P - Píratar:

-
Tryggja á húsnæði og þjónustu við hæfi í heimahéraði, koma í veg fyrir hreppaflutninga og að hjónum sé stíað í sundur. Píratar vilja efla heimaþjónustu til að gera eldra fólk kleift að búa sem lengst á eigin heimili kjósi það svo. Jafnframt þarf að byggja upp fjölbreytt húsnæði þannig að eldra fólk geti valið sér búsetu eftir persónuleika og áhuga, hvort sem það vill búa nálægt iðandi mannlífi eða í rólegri sveitasælu. Við tökum undir ályktun Landsambands eldri borgara um að víða vanti millistig milli búsetu á eigin heimili og hjúkunarheimili. Brýnt er að byggja upp fjölbreytt búsetuform til hagsbóta fyrir eldra fólk.

S - Samfylkingin:

Byggjum upp fjölbreyttari úrræði fyrir eldra fólk í samstarfi við sveitarfélögin í landinu og gerum fólk kleift að búa lengur heima.

V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:

Eldra fólk verði gert kleyft að búa heima á eigin forsendum með nýtingu velferðartækni og nýjum leiðum í sveigjanlegri dagþjálfun.

Ein lög í stað margra lagabálka.

Um málefni sem varða eldra fólk sérstaklega gilda of margir og of sundurleitir lagabálkar þar á meðal almannatryggingalögin. Einfalda þarf lagaumhverfið og gera það skilvirkara meðal annars með því að skilja að lög um eldra fólk og öryrkja. Tryggja þarf aðkomu eldri borgara að þeirri endurskoðun.

- B - Framsóknarflokkurinn:** Framsókn leggur áherslu á að ráðist verði í endurskipulagningu á málaflokki eldra fólks út frá grunngildum aldursvæns samfélags, samþættingu, persónumiðaðrar þjónustu og skýrrar sýnar á hlutverk og skyldur þeirra sem að þjónustunni koma.
- C - Viðreisn:** -
- D - Sjálfstæðisflokkurinn:** Skipulag þjónustu við aldraða þarf að endurskoða og tryggja að hún sé heildstæð og samfelld.
- F - Flokkur fólksins:** Innleiðum nýtt almannatryggingakerfi sem tryggir lágmarksframfærslu og afnám skerðinga. Það þarf að draga saman og einfalda lagalega umgjörð varðandi málefni eldri borgara. Hvort sem það eru lög um málefni aldraðra, lög um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð eða önnur lög.
- J - Sósíalistaflokkur Íslands:**
- M - Miðflokkurinn:** Miðflokkurinn berst fyrir einföldun regluverks og það á líka við um málefni aldraðra. Mikilvægt er að það sé yfirsýn og gagnsæi fyrir þá sem þurfa á þjónustu að halda og hún þarf að vera í senn heildstæð og samfelld.
- O - Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn:** Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn vill einnig að það verði stofnað sérstakt ráðuneyti fyrir eldri borgara og öryrkja.
- P - Píratar:** -
- S - Samfylkingin:** Endurskoðun laga um almannatryggingar.
- V - Vinstrihreyfingin grænt framboð:** Vilja heildarendurskoðun á lagabálkum sem snúa að málum eldra fólks. Horft verði til færni, vilja og getu frekar en aldurs.